

Eineltisáætlun Vogaskóla

Í Vogaskóla er unnið gegn einelti samkvæmt aðgerðaráætlun sem kennd er við Dan Olweus, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi (www.olweus.is).

Eineltisáætlun Olweusar er forvarnaráætlun sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun og skapa þannig skólabrag að einelti sé ekki liðið.

Starfsreglur Olweusar:

- Hinir fullorðnu sýna nemendum hlýlegt og jákvætt viðmót.
- Virkt eftirlit fullorðinna í skólanum og á skólalóðinni.
- Ákveðnar og skýrar aðgerðir gegn andfélagslegri hegðun nemenda.
- Hinir fullorðnu er fyrirmyndir sem sýna myndugleika.
- Virk hlutdeild nemenda t.d. með reglulegum bekkjarfundum.